Úlfljótsvatn
ÚTILÍFSMIÐSTÖÐ SKÁTA

# Reglur á tjaldsvæði

-Úlfljótsvatn er fjölskyldutjaldsvæði. Gestir undir 18 ára skulu vera í fylgd með forráðamanni eða öðrum fullorðnum. Bókunum 18 ára og yngri verður hafnað.

-Vinsamlegast bókið á netinu áður en þið tjaldið. Ef það gengur ekki, vinsamlegast hafið samband við starfsfólk við komu á tjaldsvæðið.

-Vinsamlegast greiðið fyrir afnot af rafmagni áður en stungið er í samband. Hver innstunga er einungis fyrir eitt ferðahýsi/tjald. Passið að ofhlaða ekki tengilinn.

-Vinsamlegast leggjið bílum á bílastæði en ekki á tjaldflötunum.

-Umferð bíla skal haldið í lágmarki og takmarkast við komur og brottfarir. Öll bílaumferð um svæðið er óheimil á milli kl 23:30 og 07:00

-Hámarkshraði ökutækja á svæðinu er 15 km/klst.

-Kyrrð skal vera á svæðinu frá 23:30 til 07:00
Tónlist, hávært skvaldur eða annar óþarfa hávaði er ekki liðinn á þessum tíma.

-Hundar skulu vera í bandi og allt hreinsað upp eftir þá. Dýr sem valda öðrum gestum ónæði eða ótta verða að yfirgefa tjaldsvæðið.

-Aðeins er heimilt að kveikja eld í viðeigandi eldstæðum á svæðinu. Setjið ekki einnota grill beint á jörðina. Farið varlega við notkun grilla og annara gastækja.

-Ölvun er bönnuð á tjaldsvæðinu.

-Reykingar og vape er með öllu óheimil á sameiginlegum svæðum, í húsnæðum eða á þeim svæðum sem dagskrá fer fram.

-Vinsamlegast takið til í gestaeldhúsi eftir notkun.

-Vinsamlegast vinnið ekki spjöll á náttúrunni, tjaldsvæði, húsnæðum eða öðrum búnaði svæðisins.

-Vinsamlegast gangið frá eftir ykkur og flokkið sorp. Allt sorp á að fara í viðeigandi tunnur í gestaeldhúsi eða á aðal flokkunarsvæðinu okkar við þjónustumiðstöð.

-Veiðileyfi er innifalið í gistigjaldi. Vinsamlegast skráið ykkur á netinu fyrir veiðar. Skoðið veiðireglur til að fá aðgang að skráningu.

-Það er með öllu óheimilt að nota kanóa og báta útilífsmiðstöðvarinnar.

-Notkun eigin kanóa, kayaka og báta án mótors er heimil. Öll umferð mótorbáta er óheimil.

-Affallstankar/ferðasalerni skulu tæmd á viðeigandi stað (sjá á korti, eða hafið samband við starfsfólk).

-Vinsamlegast hafið samband við starfsfólk ef þið verðið vör við eitthvað sem er brotið, bilað eða týnt.

-Brot á umgengnisreglum getur varðað brottrekstri af svæðinu/tjaldsvæðinu.

**Munum að njóta umhverfisins og bera virðingu fyrir því og öðrum gestum tjaldsvæðisins.**